

**Ed.** **684. Frumvarp til laga** [168. mál]  
um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

**1. gr.**

Heimild 1. gr. laga nr. 59 7. maí 1946 til sérstakra afskrifta skal einnig ná til eigna af þeirri tegund, sem þar eru taldar og teknar í fyrstu notkun á árunum 1954, 1955 og 1956. Enn fremur skal heimildin gilda um farþega- og vöruflytningaflugvélar, sem teknar verða í fyrstu notkun á árunum 1954—1956.

Öll önnur ákvæði fyrrgreindra laga gilda einnig um þessar eignir.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.